




Yfirlitsmynd 1:10.000



Skipulagssvæði 1:1000



HLUTI AÐALSKIPULAGS ÁSAHREPPS 2002 - 2014

- MINJAR
- BYGGINGARREITUR
- LÓÐARMÖRK
- SKIPULAGSMÖRK / LÓÐAMÖRK
- AÐKOMA, VEGTENGING



Hnitaskrá

Hnitakerfi ISN93, innmælt, skekkjumörk +/- 1 cm.

NR.	Norður-hnit	Austur-hnit	NR.	Norður-hnit	Austur-hnit
1	380785.9089	422071.5185	3	380589.2840	421746.6534
2	380476.7801	421817.2828			

Markalína milli punkta 1 og 2 er 15 metra frá miðlinu vegar og samsíða henni

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags- og byggingarlaga 73/1997 var samþykkt í _____ þann _____ 200_ og í _____ þann _____ 200_.

Tillagan var auglýst frá _____ 200_ með athugasemdafresti til _____ 200_. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 200_.

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

1 Skipulagssvæðið

1.1 Staðsetning
Skipulagssvæðið er úr landi Hárlaugsstaða 1 í Ásahreppi. Landnúmer 198895. Lóðin er 25213 m² að flatarmáli.

Mikið útsýni er frá þeim hluta lóðarinnar sem hæst stendur. Landið er að mestu gróið grasi, lyngi og blómplöntum. Þrjú klettasvæði eru áberandi á lóðinni og liggja þau öll samsíða Heiðarvegi. Landinu hallar til suðvesturs. Talsverð bleyta er við suðurmörk lóðarinnar þar sem hún er lægst og er framræsluskurður utan við lóðarmörk. Á landinu eru engar byggingar. Tóftir eru sýnilegar á lóðinni og skal þeim ekki raskað

1.2 Aðveita - lagnir
Lagnir fyrir kalt vatn og rafmagn liggja með vegi nr 284, Heiðarvegi austan lóðar. Leita ber samráðs viðkomandi aðila vegna allra framkvæmda á svæðinu.

1.3 Samgöngur
Þjóðvegur 1 liggur um 1000 metrum sunnan lóðarinnar

1.4 Gildandi skipulag
Aðalskipulag Ásahrepps 2002 - 2014 var staðfest af ráðherra 4. júlí 2003. Ekkert deiliskipulag er til fyrir lóðina

2 Skipulagsskilmálar

2.1 Markmið
Markmið með skipulaginu er að byggja upp íbúðaraðstöðu fyrir eigendur.

2.2 Byggingareitur
Flatarmál byggingareits er 1800 m². Staðsetning byggingar innan byggingareits er frjál. Samanlögð hámarksstærð gólfplatnar er alls 200 m². Mænishæð skal að hámarki vera 6 metrar yfir gólfkóta.

2.3 Byggingar og mannvirki
Hús skulu staðsett innan byggingareits.

Takmarka skal lýsingu á lóð, bæði fristandandi lýsingu og lýsingu sem kemur frá ljósúnaði sem festur er á hús eða önnur mannvirki. Þess skal gætt að lýsing valdi ekki ljósmengun.

2.4 Bilastæði
Aðkoma er sýnd á skipulagsupprætti. Gert er ráð fyrir þremur bilastæðum á lóðinni.

2.5 Aðkoma
Þjóðvegur 1, Suðurlandsvegur liggur um 1000 metrum sunnan við lóðina. Heiðarvegur liggur til norðurs frá Suðurlandsvegi og þaðan er aðkoma að lóðinni.

2.6 Landmótun
Nokkur landhalli er innan lóðar og umhverfis hana. Gert er ráð fyrir að land verði mótað umhverfis íbúðarhús til skjóls og aðlögunar. Vegur skal felldur að landslagi. Öllu jarðraski skal haldið í lágmarki. Að jafnaði skulu lauftré og runnagróður valin til að græða upp sár sem geta myndast innan lóðar við framkvæmdir.

2.7 Aðveita
Byggingar tengjast dreifikerfi vatns frá Holtaveitu (Vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings Ytra) og rafmagni úr dreifikerfi RARIK. Gert er ráð fyrir tengingu við hitaveitu þegar hún verður lögð á svæðið

2.8 Fráveita
Hús skulu tengd rotþró og skal allur frágangur hennar miðast við gildandi lög og reglugerðir þar um.


2.9 Sorp
Sorphirða skal vera í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Land 198895, Ásahreppi

LÓÐ ÚR LANDI HÁRLAUGSSTAÐA 1
DEILISKIPULAG - TILLAGA
SKIPULAGSUPPRÁTTUR

KVARÐI A2 1:1000 / 1:2000
DAGS 28.9.2006

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir
landslagsarkitekt FÍLA
Laxalóni
113 Reykjavík



netfang aslaugkatrin@simnet.is sími 00 354 899 5171